

Borgarráð

Samkomulag um ríkislóðir

Lagt er til að borgarráð samþykki fyrir sitt leit drög að samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um lóðir kringum Veðurstofu Íslands annars vegar og Sjómannaskólans (nú Tækniskóla Íslands) hins vegar. Af hálfu ráðuneytisins er samkomulagið gert með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Greinargerð

Þann 2. júní 2017 rituðu fjármálaráðherra og borgarstjóri undir viljayfirlýsingu um lóðir og lönd ríkisins í borgarlandinu. Markmiðið var að auka framboð á lóðum til að stuðla að jafnvægi á húsnæðismarkaði og að á lóðunum rísi m.a. íbúðir fyrir námsmenn og íbúðir sem henti ungu fólki til fyrstu kaupa. Nú liggja fyrir drög að samkomulagi um þessa tvo reiti, en viðræður standa yfir um aðra reiti sem viljayfirlýsingin fjallar um. Samhliða undirbúningi við gerð samningstexta hefur verið unnið að undirbúningi deilsikipulagsáætlana fyrir alla reitina.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um Sjómannaskólareit-DRÖG
Samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um Veðurstofureit-DRÖG

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík og Fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, f.h. ríkissjóðs gera hér með með sér eftirfarandi:

SAMKOMULAG

um svokallaðan Sjómannaskólareit

Samkomulagið byggir á viljayfirlýsingu sem borgarstjóri og fjármála- og efnahagsráðherra undirrituðu 2. júní 2017, um að vinna sameiginlega að þróun og skipulagningu á lóðum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða umráðum ríkisins.

Reykjavíkurborg úthlutaði á sínum tíma umræddu landsvæði til ríkisins vegna uppbyggingar Sjómannaskólans (nú Tækniskóla Íslands). Ríkið skilar með samkomulagi þessu þeim hluta leigulóðarinnar sem skólinn þarf ekki að nýta til uppbyggingar á þessum stað.

Reykjavíkurborg mun deiliskipuleggja svæðið þannig að þar megi koma fyrir íbúðabyggð sem hentar námsmönnum, tekjulágum og ungu fólki til fyrstu kaupa í samræmi við viljayfirlýsinguna.

Tryggt verður að tekið verði fullt tillit til starfsemi skólans á svæðinu og starfsemi hans afmarkaðar hæfilegar lóðir í samráði við ráðuneytið og skólann.

Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir svæðið sem um ræðir. Frekari afmörkun verður útfærð í tengslum við deiliskipulag svæðisins.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Samþykkt í borgarráði þann [Dags.]

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík og Fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, f.h. ríkissjóðs gera hér með með sér eftirfarandi:

SAMKOMULAG

um Veðurstofureit

Samkomulagið byggir á viljayfirlýsingu sem borgarstjóri og fjármála- og efnahagsráðherra undirrituðu 2. júní 2017, um að vinna sameiginlega að þróun og skipulagningu á lóðum í Reykjavík sem eru ýmist í eigu eða umráðum ríkisins.

Reykjavíkurborg úthlutaði ríkinu á sínum tíma talsverðu landsvæði á leigu vegna uppbyggingar Veðurstofu Íslands. Með samkomulagi þessu hafa aðilar sammælt um að ríkið skili nú þeim hluta leigulóðarinnar sem Veðurstofna þarf ekki að nota undir starfsemi sína til framtíðar.

Í framhaldi af umræddum skilum lóðarinnar mun Reykjavíkurborg deiliskipuleggja hluta af svæðinu þannig að þar megi koma fyrir íbúðabyggð sem hentar námsmönnum, tekjulágum og ungu fólki til fyrstu kaupa í samræmi við viljayfirlýsinguna.

Reykjavíkurborg mun tryggja að tekið verði fullt tillit til starfsemi Veðurstofunnar á svæðinu til framtíðar og um starfsemi hennar verði gerður nýr lóðarleigusamningur þar sem Veðurstofunni verður afmörkuð hæfileg lóð í samráði við ráðuneytið og stofnunina.

Sem hluti af samkomulagi þessu mun Reykjavíkurborg kosta færslu núverandi veðurmæla stofnunarinnar austan megin við hús hennar á nýja lóð vestan megin við núverandi lóð hennar. Jafnframt mun borgin í samstarfi og samráði við Veðurstofuna finna fimm ný svæði til veðurmælinga á höfuðborgarsvæðinu til viðbótar þeim fimm svæðum sem fyrir eru. Þá tryggir Reykjavíkurborg með samkomulagi þessu að hægt verði að notast við núverandi veðurmæla samhliða nýjum mælum vestar á lóðinni í 24 mánuði til samanburðar á mæliniðurstöðum.

Í nýju skipulagi fyrir svæðið verður gert ráð fyrir byggingarreit fyrir mögulega nýja byggingu fyrir Veðurstofuna í samráði við stofnunina. Gert verður ráð fyrir þeim möguleika að hægt verði að breyta núverandi húsnæði stofnunarinnar í íbúðir verði það talið hagstæður kostur fyrir stofnunina að flytja starfsemi sína úr núverandi húsnæði.

Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir svæðið sem um ræðir.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Samþykkt í borgarráði þann [Dags.]